

M-20/2008 Álit 14. maí 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. maí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-20/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. apríl sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bilunar á CD spilara sem fylgdi bifreið sem hann keypti af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir spilarann vera ónýtan og vill að seljandi leggi sér til nýjan.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 4. apríl sl. Andsvör fyrirtækisins bárust nefndinni 16. apríl. Álitsbeiðanda voru kynnt andsvörin með bréfi, dags. 17. apríl og bárust athugasemdir frá honum 22. apríl. Með bréfi, dags. 23. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa keypt nýja bifreið af gerðinni Z hjá Y 17. maí 2006. CD spilari sem fylgt hafi telji seljandi nú ónýtan. Seljandi hafi boðið sér að taka á sig helming kostnaðar við kaup á nýjum spilara en álitsbeiðandi segist ekki sáttur við það, hann vilji fá nýjan spilara settann í bifreiðina.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi segir álitsbeiðanda hafa seint í febrúar 2008 haft samband við starfsmann Y og kvartað út af bilun í CD spilara, en það hafi verið í fyrsta sinn sem hann hafi kvartað. Þá hafi verið búið að aka bifreiðinni 90 þúsund kílómetra. Starfsmaður á verkstæði fyrirtækisins hafi tekið spilarann úr bílnum 3. mars og séð að lítið plaststykki hafi verið brotið í drifbúnaði (ísetningarsleða) spilarans. Starfsmaðurinn hafi haft samband við rafeindavirkja hjá fyrirtækinu A, lýst biluninni og spurt hvort þeir hjá því fyrirtæki gætu gert við bilunina. Starfsmanninum hafi verið sagt að þeir hjá A hefðu aldrei vitað til að þessi hlutur bilaði eða skemmdist í þessari gerð CD spilara og aldrei þurft að gera við slíkt. Stykkið fengist ekki keypt sem varahlutur og því yrði að skipta um spilara.

Seljandi kveðst hafa flutt inn þúsundir bíla frá stofnun fyrirtækisins eða á síðustu tæpu 11 árum. Þar af séu fleiri hundruð Z-bílar eins og bifreið álitsbeiðanda með sams konar spilara og sé í henni. Aldrei hafi verið gallar í þessum spilurum sem þyki afar vandaðir, a.m.k. hafi aldrei verið kvartað undan slíku. Þeir sem hafi skoðað brotna

plaststykkið á verkstæði Y hafi getið sér til um að það hefði skemmst vegna rangrar notkunar, t.d. að disk hafi verið troðið í hann í stað þess að láta sleðann taka við honum á sjálfvirkan hátt. Þar sem um einstakt tilvik hafi verið að ræða og líkur taldar á því að skemmdirnar hafi orðið óviljandi hafi forstjóri Y ákveðið á bjóða álitsbeiðanda að greiða helming kostnaðar við að kaupa nýjan spilara og setja í bifreiðina. Álitsbeiðandi hafi hafnað því boði sem komið hafi á óvart. Það boð standi enn snúist álitsbeiðanda hugur. Hafni álitsbeiðandi boðinu áskilji seljandi sér rétt til þess að draga það til baka og krefjast greiðslu fyrir þá skoðun á spilaranum sem gerð hafi verið á verkstæði hans.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í bréfi kæruneðndarinnar til álitsbeiðanda, dags. 17. apríl sl., var vakin athygli hans á því boði sem seljandi gerði honum í andsvörum sínum og álitsbeiðandi hvattur til að skoða það vandlega. Í athugasemdum álitsbeiðanda er ekki tekin afstaða til boðsins.

Þar segir hins vegar álitsbeiðandi að hann hafi farið með bílinn til seljanda vegna þess að tækið hafi ekki spilað. Á verkstæði Y hafi diskar verið plokkaður úr tækinu með skrúfjárn. Álitsbeiðandi segir að við það hljóti plasttakkinn að hafa brotnað og diskar í tækinu hafi skemmst.

VI

Niðurstaða kæruneðndarinnar

Kæruneðnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y falli undir valdsvið neðndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Álitsbeiðandi keypti nýja bifreið af Y 17. maí 2006. Hann kvartaði undan galla í CD spilara sem henni fylgdi seint í febrúar 2008. Þá hafði bifreiðinni verið ekið 90 þúsund kílómetra sem er tvímælalaust mikill akstur á ekki lengri tíma, þ.e. á tæpum tveimur árum. Þótt ekki sé það upplýst benda líkur til þess að notkun á CD spilaranum hafi verið í samræmi við það.

Álitsbeiðandi lagði fram kvörtun vegna gallans innan tveggja ára frá því kaupun fóru fram, sbr. ákvæði í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 þar sem segir að leggi neytandi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitir söluhlut viðtöku geti hann ekki borið fyrir sig gallann síðar. Samkvæmt þessu lagaákvæði, sem er ófrávíkjanlegt, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, þar sem segir að ekki sé heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum, tapar neytandi ekki rétti til þess að bera fyrir sig galla á söluhlut kvarti hann innan þessa lögbundna frests, en það gerði álitsbeiðandi.

Í b-lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir að hlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað og í 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að hlutur sé gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem lýst er í 15. gr. laganna.

Í 26. gr. laganna er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Í upphafi 1. mgr. lagagreinarinnar segir að reynist söluhlutur gallaður, og sé gallinn hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varða, geti neytandinn gripið til úrræða sem talin eru upp í

málgreininni. Í b-lið málgreinarinnar segir að neytandi geti valið á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. laganna, en álitsbeiðandi hefur krafist nýrrar afhendingar á CD-spilara. Réttur neytanda er þannig bundinn því, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 26., að sá galli sem er á söluhlut stafi ekki frá neytandanum sjálfum, en í því tilviki sem hér er til meðferðar heldur seljandi því fram að svo sé.

Það er álit kæruneftdarinnar að hafa verði í huga að CD spilari með sleða til þess að setja í diska sé að því er þann útbúnað varðar fremur viðkvæmt tæki sem verði að nota með nokkurri varúð og þoli illa ranga notkun. Samkvæmt gögnum málsins verður að byggja á því að spilarinn hafi verið til fullra nota fyrir álitsbeiðanda frá því hann keypti bifreiðina allt fram í febrúar 2008, þ.e.a.s. að meintur galli hafi ekki komið fram fyrr en þá. Upplýst er að sá hlutur sem er bilaður er lítið plaststykki í sleðanum sem diskarnir eru settir í og rennur síðan sjálfkrafa inn í tækið sé stutt á hann. Ekki er gert ráð fyrir að sleðanum sé ýtt inn í tækið.

Seljandi segir að hann hafi selt fjölmargar bifreiðir af sömu gerð og bifreið álitsbeiðanda með sams konar spilurum og hafi aldrei verið kvartað um bilun af þessu tagi. Auk þess vitnar hann til samtals við starfsmann hjá fyrirtækinu A sem segir að starfsmenn þar hafi aldrei vitað um bilun af þessu tagi í þessari gerð CD spilara og aldrei þurft að gera við slíka bilun. Varahlutir til slíkrar viðgerðar séu ófáanlegir. Seljandi vill meina að bilunin stafi af rangri notkun álitsbeiðanda sem segist aftur á móti hafa farið vel með spilarann.

Það er álit kæruneftdarinnar að samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir í málinu og gerð er grein fyrir hér að framan, svo og líkum á því af hverju bilunin í CD spilaranum stafar, beri álitsbeiðanda að sanna að hún stafi ekki af notkun hans og hvíli sönnunarbyrðin því á honum. Það er einnig álit kæruneftdarinnar að sú sönnun hafi álitsbeiðanda ekki tekist og því verði að hafna kröfum hans.

VI

Álitsorð

Hafnað er kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur seljanda, Y.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

